

**304. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp,  
mánudaginn 12. ágúst 2024 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía  
Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður  
Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Lárus  
Ársælsson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Berta Heimisdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 2305092 - Kirkjubraut 39 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn NH-5 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Stofnanareits, vegna Kirkjubraut 39. Verið er að stækka lóðina fram að Kirkjubraut um 269,0 m<sup>2</sup>. Innkeyrsla er staðsett við Háholt í stað Kirkjubrautar. Bílajakjallari og rampur er færður í samræmi við nýja innkeyrslu. Erindið var grenndarkynnt skv. 2.mgr. 43.gr skipulagslaga nr. 123/2010 frá 5. júní til og með 5. júlí 2024. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum Háholti 9 og 11, Heiðarbraut 40, Kirkjubraut 37,48,50,51,52 og 54. Sjö athugasemdir bárust. Greinargerð skipulagsfulltrúa með svörum við athugasemdum lögð fram.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt ásamt greinargerð skipulagsfulltrúa við athugasemdum sem bárust vegna breytinganna. Senda skipulagsstofnun og auglýsa í b-deild.*

**2. 2308093 - Sorptunnubreyting - útvegum tunna**

Opnunarskýrsla lögð fram. Eftirfarandi tilboð bárust:  
Bender ehf, kt: 440202-2250, kr. 29.842.570  
Íslenska Gámafélagið ehf, kt: 470596-2289, kr. 35.854.200  
Terra hf, kt: 410283-0349, kr. 32.829.850  
N1 ehf, kt: 411003-3370, kr. 29.325.830  
Kostnaðaráætlun var kr. 33.725.892

*Lögð fram umsögn um tilboð í sorphlát fyrir Akranes. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að sviðsstjóri gangi til samninga við lægstbjóðanda, N1 ehf kt: 411003-3370 um framkvæmd verksins.*

**3. 2407189 - Sementsreitur austur - Framkvæmdaleyfi**

Umsókn um leyfi til framkvæmda skv. 13. málsgrein skipulagslaga 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, vegna gatnagerðar í hluta af Sementsreit ásamt tilheyrandi veitum í samræmi við deiliskipulag áfanganna. Deiliskipulag fyrir breyttan Sementsreit var samþykkt í bæjarstjórn 14.7.2021.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að samþykkja framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar í hluta af Sementsreit ásamt tilheyrandi veitum, skv. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*

**4. 2402172 - Óviðunandi aðstæður fjargeymslu BÍG**



Skipulags- og umhverfisráð heimsótti byggðasafnið að Görðum og kannaði aðstæður í fjargeymslu safnsins.

*Skipulags- og umhverfisráð tekur undir áhyggjur af vörslu muna byggðasafnsins. Sviðstjóra skipulags- og umhverfissviðs er falið að vinna málið áfram.*

**5. 2311273 - Keilufélag Akraness - húsnæðismál**

Húsnæðismál.

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra skipulags- og umhverfissviðs að útbúa kostnaðaráætlun fyrir endurbætur á keilusal og stoðrýmum.*

**6. 2407079 - Lagning ljósleiðara - tilboð til sveitarfélaga um styrk til að ljúka lagningu ljósleiðara til allra lögheimila utan markaðssvæða í þéttbýli**

Tilboð til sveitarfélaga um styrk til að ljúka lagningu ljósleiðara til allra lögheimila utan markaðssvæða í þéttbýli.

Bæjarráð vísar málinu til úrvinnslu á skipulags- og umhverfissviði og málið komi að nýju fyrir bæjarráð að því loknu. Gert er ráð fyrir að málið verði til umfjöllunar á fundi bæjarráðs þann 15. ágúst nk. en ráðuneytið óskar svars eigi síðar en 16. ágúst nk. Samþykkt 3:0

*Í ljósi þess að tilboð nær til fasteignar sem hefur verið rifinn, leggur skipulags- og umhverfisráð til við bæjarráð að tilkynna fjarskiptasjóði um niðurrif viðkomandi fasteignar við Smiðjuvelli 14.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

